Trjásafnið í Meltungu í Fossvogsdal

Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar

Það er ekki hægt að segja annað en að trjásafnið í Meltungu hafi farið framhjá mörgum og er tilgangur þessarar greinar að bæta úr því. Þrátt fyrir ungan aldur er trjásafnið orðið eitt hið stærsta hérlendis en þegar þetta er ritað eru tegundir, yrki og klónar trjáa og runna alls um 800 talsins. Svæðið afmarkast af götunum Kjarrhólma, Smiðjuvegi og Stjörnugróf að sunnan- og austanverðu og Gróðrarstöðinni Mörk og Víkingssvæðinu að norðanverðu og er stærð þess alls um átta hektarar. Bílastæði er að finna bæði við Fossvogsbrún og Kjarrhólma og þaðan eru göngustígar inn í safnið. Einnig liggja göngu- og hjólreiðastígar að trjásafninu úr Fossvogsdal að vestanverðu og Elliðaárdal að austanverðu.

Séð vestur eftir Fossvogsdal sumarið 2009. Trjásafnið er sunnan og vestan við Gróðrarstöðina Mörk. Mynd: Bent Marinósson.

Saga staðarins

Allir staðir eiga sína sögu. Svæðið austast í Fossvogsdal, þar sem trjásafnið er nú, nefnist Blesugróf og var áður fyrr í landi jarðarinnar Digraness í Seltjarnarneshreppi hinum forna. Elstu heimildir um jörðina eru frá árinu 1313 og var hún þá í eigu Viðeyjarklausturs. Við siðaskiptin komst Digranes, eins og allar jarðir kirkjunnar, í eigu konungs og enn síðar ríkissjóðs, þ.e.a.s. varð svokölluð þjóðjörð.

Árið 1936 tóku gildi lög um nýbýli og samvinnubýli á jörðum í opinberri eigu. Í Seltjarnarneshreppi var þjóðjörðunum Digranesi og Kópavogi skipt í hreinar bújarðir, sk. nýbýli annars vegar og smábýli hins vegar. Smábýlin voru ætluð sem ræktunarblettir án búsetu en föst búseta var á nýbýlunum. Aðkoma að nýbýlajörðunum var eftir nýjum vegi sem lagður var sunnan Fossvogsdals og var að sjálfsögðu nefndur Nýbýlavegur. Nýbýlin í og við Fossvogsdal voru Lundur, Birkihlíð, Snæland, Ástún, Grænahlíð, Efstaland og austast var Meltunga.
Á árunum var 1936-42 var einnig úthlutað 345 smábýlalöndum úr Digranes- og Kópavogsjörðunum, flest hálfur til einn hektari að stærð. Eins og fyrr segir var þar ekki gert ráð fyrir fastri búsetu. Raunin varð þó önnur í húsnæðiseklu stríðsáranna og úthlutanirnar urðu upphaf þéttbýlis á þessum jörðum og Kópavogshreppur varð til árið 1948 þegar Seltjarnarneshreppur klofnaði.

Digranesblettur I., sem síðar fékk nafnið Meltunga, var 16,3 hektarar að stærð. Norður- og vesturhlutinn var mýri sem hafði verið framræst á árunum 1935-36 í sk. atvinnubótavinnu, en í austur- og einkum suðurhlutanum voru grýttir melar og holt.
Leigutakar þess, frá árinu 1938, voru hjónin Gestur Gunnlaugsson og Loftveig Guðmundsdóttir. Í Meltungu byggðu þau járnklætt timburhús og útihús og ræktuðu þar mikið tún. Þegar búið var stærst voru þar 18 kýr og um 150 fjár. Búskapur í Meltungu var aflagður árið 1972 og húsin rifin árið 1989.



Nýbýlið Meltunga 1968. Hluti reyni- og birkitrjáa sem sjást við íbúðarhúsið til vinstri standa enn í dag. Fjær sést í íbúðabyggðina sem þá náði austur að Álfabrekku. Afgirta svæðið mun hafa verið matjurtagarður. Mynd: Jóhanna Björnsdóttir.

Í miðju landi Meltungu, á svæði þar sem holtið og mýrin mætast, eru grjótminjar og hafa sumir steinarnir verið klofnir með fleygum og höggnir til. Þessir steinar geyma sögu. Á tímum heimskreppunnar á 20. öld var mikið atvinnuleysi hérlendis. Stjórnvöld brugðust m.a. við þessu með sk. "atvinnubótavinnu" þar sem menn voru ráðnir til tímabundinna verkamannastarfa, oft við erfiðar aðstæður. Eitt verkefnið var að undirbúa lagningu járnbrautar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, á þeim slóðum sem Reykjanesbrautin er nú. M.a. var byrjað á að kljúfa og höggva til grjót sem átti að leggja undir járnbrautarteinana. Þessar minjar eru verndaðar af Kópavogsbæ samkvæmt hverfisvernd og eru verndarforsendur menningarminjar.

Trjásafn verður til

Pétur N. Ólason, betur þekktur sem Per í Mörk, stofnaði Gróðrarstöðina Mörk í Reykjavík árið 1967 en hún er staðsett á bæjarmörkum Reykjavíkur og Kópavogs í Blesugróf. Árið 1976 var ræktunarland gróðrarstöðvarinnar sprungið utan af rekstrinum og tók Pétur því á leigu 0,5 ha landsvæði hjá Kópavogsbæ fyrir trjárækt úr landi Meltungu, sem hafði verið lagt niður sem lögbýli eins og áður hefur komið fram. Síðar var þetta landsvæði stækkað með nýjum leigusamningi við Kópavogsbæ.
Árið 1995 kom Pétur með þá tillögu að taka þátt í mótun og uppbyggingu á austasta hluta Fossvogsdals, sem Kópavogsbær hafði skipulagt sem útivistarsvæði með gróðursvæðum. Hann lagði til að hann sæi alfarið um að útvega þann gróður sem til þyrfti í samráði við Kópavogsbæ, gegn því að nýta hluta landsins fyrir ræktun stöðvarinnar. Samhliða því myndi hann sjá um að koma trjásafni á laggirnar og planta auk þess skjólgróðri umhverfis allt ræktunarsvæðið.

Bæjaryfirvöld í Kópavogi tóku vel í þessar hugmyndir og gert var deiliskipulag af svæðinu. Það var unnið af Aðalheiði E. Kristjánsdóttur, landslagsarkitekt hjá bæjarskipulagi Kópavogs, og var að hluta til byggt á tillögum Péturs. Í greinargerð með skipulaginu kemur m.a. fram að markmiðið sé að styrkja Fossvogsdalinn sem útivistarsvæði með aukinni trjárækt. Þar sé einnig gert ráð fyrir trjásafni – *arboretum*, í holtinu norðan Smiðjuhverfis, með aðgengilegum stígum, þar sem almenningi gæfist kostur á að skoða einstakar tegundir trjáa og runna og gæti þannig öðlast betri þekkingu á ræktun á Íslandi.



Hluti deiliskipulagsuppdráttar frá 1996. Tjásafnið var fyrirhugað í holtinu og skjólbelti með skógarstígum umhverfis ræktunarreiti i mýrinni. Teikn.: Aðalheiður E. Kristjánsdóttir FÍLA.

Eftir að deiliskipulagið var samþykkt vorið 1996 var gerður leigusamningur við Gróðrarstöðina Mörk til 10 ára. Um var að ræða afnotarétt á um 3,25 ha landsvæði til uppeldis- og skiptiræktunar og var því skipt í þrjá ræktunarreiti. Sá stærsti þeirra var að mestu svæðið sem Mörk hafði áður haft á leigu en tveir minni reitir vestar voru nýir. Einnig var í samningnum gert ráð fyrir trjásafni og gróðursvæðum í kringum það og ræktunarsvæðin. Auk almennrar leigu fyrir landið átti Gróðrarstöðin Mörk skv. samningnum að leggja til allan gróður í gróðursvæðin og að auki annast gróðursetningu hans og umhirðu á samningstímanum.

Árið 2000 seldi Pétur Gróðrarstöðina Mörk til Guðmundar Vernharðssonar, fyrrum starfsmanns síns, sem hélt áfram þar sem frá var horfið að uppfylla samninginn við Kópavogsbæ. Samningurinn rann síðan út árið 2006 og var þá gerður nýr samningur til 10 ára. Hann náði til þess svæðis sem Mörk hafði haft á leigu fyrir 1996, sem er um helmingur af stærð gróðrarstöðvarinnar, en Kópavogsbær tók við ræktunarreitunum í mýrinni vestan gróðrarstöðvarinnar.

Holtið og mýrin

Trjásafninu í Meltungu er núna grófskipt í tvo hluta; holtið og mýrina. Suður- og austurhluti þess tilheyrir holtinu, þó þar sé reyndar líka að finna graslendi og votlendi auk þess sem hluti þess var jarðvegsfyllingarsvæði (tippur) á 9. áratug síðustu aldar.

Plantað var beint í þann jarðveg sem fyrir var í holtinu, sem er að mestu jökulruðningur, og þurfti að nota gröfu til að taka stærstu holurnar. Plantað var í skjólbelti, aðallega greni, öspum og alaskavíði og síðan voru hinar ýmsu tegundir trjáa, runna og fjölærra plantna gróðursettar þar í þyrpingar með tilliti til grasafræðilegs skyldleika.
Í holtinu var náttúrulegur gróður látinn halda sér sem mest og engum tilbúnum áburði var dreift með plöntunum sem þar voru gróðursettar, til að varðveita þær villtu jurtir sem voru á staðnum, og hefðu annars vikið undan miklum grasvexti sem áburðardreifing ylli.

Villtur gróður í holtinu var látinn halda sér, þar sem þess var kostur. Á myndinni má m.a. sjá ljónslappa, krækilyng, krossmöðru og gulmöðru. Ljósmynd: Friðrik Baldursson.

Mikil gróðurfarsleg breyting hafði átt sér stað í holtinu á síðasta áratug liðinnar aldar þar sem sjálfsánar birki- og víðiplöntur urðu áberandi en sáust varla áður. Þessi gróður hefur skapað enn betra skjól á svæðinu og orðið bakgrunnur og umgerð safneintakanna.

Mýrin er svo í norðvesturhluta svæðisins og eru það ræktunarreitirnir tveir sem framlenging leigusamningsins náði ekki til. Þar var, eins og nafnið bendir til, mýri sem var framræst til túnræktar fyrir nýbýlið Meltungu.
Þarna var svæðið hannað með tilliti til fjölbreytts skjólgróðurs og stígagerðar. Eins og í holtinu var plantað að langmestu leyti í mýrina á árunum 1997-98, hinum ýmsu tegundum trjáa og runna í skjólbelti við fyrirhugaða göngustíga og garðsvæði.
Jarðvegurinn í mýrinni er eins og gefur að skilja, gjörólíkur því sem er í holtinu. Hann er bæði næringarríkur, djúpur og rakaheldinn og gott skjól er á svæðinu af hávöxnum skjólbeltum umhverfis.

Upphaflega hugmyndin var að trjásafnið yrði aðeins í holtinu norðan Smiðjuvegar og skv. leigusamningnum átti að skila ræktunarreitunum tveimur í mýrinni sem sléttum grasflötum í lok samningstímans. Samið var um aðra tilhögun. Þar sem merkilegum og um margt fágætum gróðri hafði auk þess verið plantað umhverfis ræktunarreitina var trjásafnið útvíkkað og náði til alls svæðisins. Hluti gróðursins í ræktunarreitunum sjálfum fékk að standa óáreittur og Kópavogsbær sá í staðinn um gerð grasflata og garða þar sem við átti.

Horft yfir Gróðrastöðina Mörk og trjásafnið 2003, 5-6 árum eftir gróðursetningar. Víkingssvæðið fremst á myndinni. Ljósmynd: Friðrik Baldursson.

Gróðurinn

Gróðursetningar 1997-2003

Pétur í Mörk vann að langmestu leyti að útplöntun á fyrstu árum leigusamningsins, þ.e. 1997-98, en lítillega var gróðursett á vegum Merkur til 2003. Um það leyti voru tegundir, yrki og klónar um 230 talsins og hafði fækkað nokkuð frá því sem plantað var út upphaflega. Um 30% á þessum tíma voru klónar hinna ýmsu víðitegunda.

Í holtið plantaði Pétur mörgum tegundum sem til voru í gróðrarstöðinni, bæði fjölbreyttum og jafnvel fágætum efnivið sem hann hafði gert tilraunir með sem og plöntum sem höfðu verið í sölu í gróðrarstöðinni.

Þar sem holtið og mýrin mætast er þyrping birkitrjáa sem notuð voru sem móðurplöntur í trjákynbótaverkefni Gróðurbótafélagsins. Verkefnið hófst árið 1987 og hélt Þorsteinn Tómasson, plöntuerfðafræðingur, utan um það. Sprotum var safnað af rúmlega 20 fallegum birkitrjám á höfuðborgarsvæðinu og þeim komið í ágræðslu og uppeldi hjá Pétri í Mörk. Þar fengu trén síðan að framleiða fræ til afkvæmaprófana sem fóru fram bæði í Mörk og hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Út úr þessu verkefni kom svo birkiyrkið 'Embla', sem flest ræktunarfólk þekkir. Hluta þessara "Emblumæðra" er einnig að finna á tveimur stöðum í mýrinni.

Í mýrinni var gróðursett safn 33 úrvalsklóna ýmissa víðitegunda sem þeir Óli Valur Hansson, Ágúst Árnason, Kári Aðalsteinsson og Böðvar Guðmundsson söfnuðu í Alaska og Yukon árið 1985. Í ferðinni söfnuðu þeir félagar gífurlega miklum efnivið sem unnið var úr næstu árin. Úr verkefninu komu fjöldi úrvalsklóna, aðallega af víði, sem fæstir hafa þó hlotið nokkra útbreiðslu. Víðisafnið í Meltungu er eitt það best varðveitta úr þessari söfnun.

Alaskavíðiklónninn 'Sunna' í haustlitum. Ljósmynd: Friðrik Baldursson.

Einnig er að finna í safninu plöntur úr söfnunarferð sem Pétur, Ólafur S. Njálsson og fleiri fóru til Alaska árið 1994**,** um 50 mismunandi asparklónar auk ýmissa víði- og elritegunda, alaskaepla, bersarunna o.fl.

Árið 1991 fóru þeir Pétur N. Ólason fór, ásamt Jóni H. Björnssyni og Guðmundi T. Gíslasyni, í söfnunarferð til Eldlands, sem er eyja við syðsta odda S-Ameríku. Lesa má um ferðina í grein í Garðyrkjuritinu 1993. Töluverðum efnivið var safnað í ferðinni og gerðar ræktunartilraunir með hann í Mörk eftir heimkomuna. Skemmst er frá því að segja að flest þreifst hér illa eða alls ekki. Þrjár undantekningar frá þessu er þó að finna í trjásafninu; snælenju, hvítlenju og körfurunna.

Gróðursetningar 2008-2013

Frá árinu 2008 hefur Kópavogsbær séð um að fjölga tegundum jafnt og þétt. Í holtið hefur oftast verið plantað 2-3 eintökum sömu tegundar, ef kostur er, en 1-2 eintökum í mýrina. 2013 var metár, því þá bættust við um 180 tegundir og yrki í trjásafnið í Meltungu. Öll gróðursetning í trjásafninu hefur verið unnin af fagmönnum.

Alaskaepli í blóma í mýrinni. Ljósmynd: Friðrik Baldursson.

Fræðslufulltrúi GÍ virðir fyrir sér dökksóp 'Cyni' í holtinu. Ljósmynd: Kristinn H. Þorsteinsson.

Í þessari grein er ekki pláss til að birta heildarplöntulista fyrir trjásafnið en í listanum hér á eftir eru tilgreindar ættkvíslir og fjöldi tegunda, yrkja og klóna af hverri þeirra, alls tæplega 800 talsins þegar þetta er ritað. Af þeim eru tæplega 200 í Yndisgarðinum en um helming þeirra tegunda er einnig að finna í öðrum hlutum trjásafnsins. Plöntulista trjásafnsins, með íslensku og latnesku heiti tegunda er að finna á heimasíðu Kópavogsbæjar; www.kopavogur.is/trjasafn

Trjásafnið í Meltungu
PLÖNTULISTI 2013

BARRTRÉ OG -RUNNAR

Latneskt ættkvíslarnafn	Íslenskt ættkvíslarnafn	Fjöldi teg.	Holtið	Mýrin	Yndisgarður
Abies	Þinur	15	x	x	
Chamaecyparis	Sýprus	5	x	x	
Cupressus	Sýprusviður	2	x		
Juniperus	Einir	19	x	x	x
Larix	Lerki	9	x		
Microbiota	Dverglífviður	1		x	x
Picea	Greni	16	x	x	x
Pinus	Fura	15	x		
Pseudotsuga	Döglingsviður	1	x	x	
Taxus	Ýviður	9		x	x
Thuja	Lífviður	3	x	x	
Thujopsis	Vaxlífviður	1		x	
Tsuga	Þöll	2	x	x	

LAUFTRÉ OG -RUNNAR

Acer	Hlynur	14	x	x	
Aesculus	Hrossakastanía	1	x	x	
Alnus	Ölur (elri)	12	x	x	x
Amelanchier	Amall	9	x	x	x
Andromeda	Ljósalyng	1		x	
Aronia	Logalauf	1	x	x	
Berberis	Roðabroddur	5	x	x	x
Betula	Björk (birki)	14	x	x	
Buxus	Lim	4		x	
Calluna	Beitilyng	1	x		
Caragana	Kergi (baunatré)	4	x	x	
Cercidiphyllum	Hjartatré	1		x	
Chamaecytisus	Sópur	2	x		
Chiliotrichum	Körfurunni	2	x	x	x
Cornus	Hyrnir	5	x	x	x
Corylus	Hesli	1	x		
Cotoneaster	Mispill	23	x	x	x
Crataegus	Þyrnir	12	x		
Cytisus	Sópur	2	x		x
Daphne	Töfratré	1		x	
Deutzia	Stjörnutoppur	1	x	x	
Diervilla	Toppa	1		x	
Dryas	Rjúpnalauf	3	x	x	x
Elaeagnus	Silfurblað	1	x		
Empetrum	Krækilyng	1	x		
Erica	Klukkulyng	2	x		
Euonymus	Beinviður	1		x	
Exochorda	Perlurunni	1		x	
Forsythia	Vorgull	1		x	

Fraxinus	Askur	1	x	x	
Genista	Ertuhrís	1	x		
Hebe	Snepla	6		x	
Hedera	Bergflétta	4		x	x
Hippophae	Hafþyrnir	1	x		
Holodiscus	Rjómaviður	1		x	
Hydrangea	Hind (hortensía)	2		x	x
Ilex	Kristþyrnir	4	x	x	
Jamesia	Klettarunni	1		x	
Laburnum	Gullregn	3	x	x	
Lavandula	Lavendill (lavander)	1		x	
Lembrotropis	Dökksópur	1	x		
Ligustrum	Gerðarunni	1	x		
Lonicera	Geitatoppur	37	x	x	x
Mahonia	Brydda (mahónía)	1		x	
Malus	Eplatré	48	x	x	
Myrica	Mjaðarlyng	2	x		x
Nothofagus	Lenja	2		x	
Paeonia	Bóndarós	1		x	
Phellodendron	Korktré	1	x		
Philadelphus	Snækóróna	4	x	x	x
Physocarpus	Kvistill	6	x		x
Populus	Ösp	9	x	x	
Potentilla	Mura	15	x		x
Prunus	Heggur	47	x	x	x
Ptelea	Humaltré	1		x	
Pyrus	Perutré	6		x	
Quercus	Eik	7	x	x	
Rhamnus	Stafur	1		x	x
Rhododendron	Lyngrós	3		x	
Ribes	Rifs (stikill)	48	x	x	x
Rosa	Rós	41	x	x	x
Rubus	Klungur	5		x	
Salix	Víðir	70	x	x	
Sambucus	Yllir	4	x	x	
Shepherdia	Vísundaber	1	x		
Skimmia	Skímurunni	1		x	
Sorbaria	Reyniblaðka	6	x	x	
Sorbus	Reynir	71	x	x	x
Spiraea	Kvistur	43	x	x	x
Symphoricarpos	Snjóber	4	x	x	x
Syringa	Sýrena	32	x	x	x
Tilia	Lind	2		x	
Tripterygium	Vængjarunni	1		x	
Ulmus	Álmur	2	x	x	
Vaccinium	Bláber	2	x		
Viburnum	Úlfarunni	11	x		x
Vinca	Hörpulauf	1		x	
Weigela	Klukkurós	3		x	x
Yucca	Júkka	1	x		

Garðarnir

Eins og áður hefur komið fram var leigusamningurinn um ræktunarreitina tvo í mýrinni ekki framlengdur, heldur voru reitirnir “innréttaðir” sem einskonar þemagarðar.

Yndisgarður

Haustið 2010 var í trjásafninu vígður sk. Yndisgarður. Hann var hannaður fyrrihluta ársins og gerður þá um sumarið. Yndisgarður er runnasafn í tengslum við verkefnið Yndisgóður sem starfrækt er á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands og Samson Bjarnar Harðarson stýrir. Verkefnið er unnið í samstarfi við Félag garðplöntuframleiðenda, Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá og Grasagarð Reykjavíkur, auk nokkurra sveitarfélaga og fleiri aðila. Tilgangur verkefnisins er að velja út heppilegustu tegundir, kvæmi og yrki garðplantna fyrir íslenskar aðstæður með sérstaka áherslu á opin svæði, útivistarsvæði og skjólbelti. Einnig er verkefninu ætlað að mynda grundvöll fyrir rannsóknir og upplýsingamiðlun um garðplöntur. Einn mikilvægasti þátturinn í verkefninu er að bera saman mismunandi plöntur við breytilegar veðurfarsaðstæður og hefur því verið komið upp klónasöfnum og tilraunareitum, sk. Yndisgörðum, á nokkrum völdum stöðum á landinu. Yndisgarðurinn í Fossvogi, eins og hann er nefndur, var sá fimmti á landinu og sá næst stærsti á eftir aðalsafninu við Garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi. Svo til fullplantað er í garðinn og eru þar nú tæplega 200 tegundir, kvæmi og yrki garðrunna. Þessi Yndisgarður hefur þá sérstöðu umfram aðra að þarna er að finna talsverðan fjölda tegunda og yrkja sígrænna barrrunna, s.s. eini og ývið, en lítið er um slíkt í hinum görðunum. Árið 2011 var sett upp skilti í Yndisgarðinum með plöntulista og staðsetningu og eru allar plöntur í garðinum merktar á vegum verkefnisins. Nánar má sjá um þetta á heimasíðu Yndisgróðurs, www.yndisgrodur.lbhi.is.

Séð yfir hluta Yndisgarðsins. Ljósmynd: Friðrik Baldursson.

Í nágrenni Yndisgarðsins eru tvö tilraunaverkefni með fjölærar plöntur í gangi. Það fyrra er ræktun á fimmta tug tegunda og yrkja fjölæringa, mest blágresis, þar sem verið er að kanna þekjandi eiginleika. Verkefnið er á vegum Gróðrarstöðvarinnar Merkur og Yndisgróðurs. Seinna verkefnið er rannsóknarverkefni Hrannars Smára Hilmarssonar garðyrkjufræðings og nema við Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem gerður er samanburður á um 20 klónum íslenskra villijarðarberja, einnig með tilliti til myndunar gróðurþekju í beðum.

Hluti fjölæringatilraunar. Fjær sést í trjábóndarós sem lengi stóð við hús GÍ við Frakkastíg en var flutt í trjásafnið vorið 2012. Lesa má um bóndarósina í Garðyrkjuritinu 2008 Ljósmynd: Friðrik Baldursson.

Aldingarðurinn

Sumarið 2011 var í öðrum ræktunarreitnum gerður garður þar sem áherslan er á ræktun ávaxtatrjáa og berjarunna. Þá um haustið var plantað flestum ávaxtatrjánum sem þar er að finna. Nokkrum trjám var þó plantað 2012 og þá bættist einnig við talsvert úrval berjarunna. Nú eru í Aldingarðinum 23 yrki rifsberja, sólberja og stikilsberja og 58 yrki epla-, plómu-, peru- og kirsiberjatrjáa. Umsjón með Aldingarðinum hefur Jón Guðmundsson garðyrkjumaður. Hann sér m.a. um að mæla vöxt og kal, enda tengist garðurinn ávaxtatrjáaverkefni Landbúnaðarháskóla Íslands og Garðyrkjufélags Íslands sem hófst árið 2011 og er á landsvísu.

Ávaxtatrjánum er plantað með 4 x 4 metra millibili og hver planta er merkt. Á myndinni sést hluti eplatrjánna í Aldingarðinum. Ljósmynd: Friðrik Baldursson.

Sígræni garðurinn
Þriðji þemagarðurinn, og þeirra langminnstur, er helgaður sígrænum tegundum. Hann var gerður haustið 2012 og var þá m.a. plantað í hann ýmsum forvitnilegum tegundum sem komnar voru frá Færeyjum og Orkneyjum. Þrátt fyrir vetrarskýlingu drapst megnið af þessum efnivið vorið 2013. Nú eru í garðinum um 60 tegundir og yrki sígrænna barr- og laufrunna.

Í sígræna garðinum. Fyrir miðri mynd er m.a. ertusýprus 'Filifera' og keilugreni. Beðin eru afmörkuð með bolum aspa sem felldar hafa verið í trjásafninu. Sama má segja um kurl í stígum. Ljósmynd: Friðrik Baldursson.

Garðlönd
Meira en hálfrar aldar hefð er fyrir útleigu matjurtagarða, sk. garðlanda, hjá Kópavogsbæ. Í deiliskipulagi frá 1996 var gert ráð fyrir garðlöndum í Meltungu og hafa þau verið starfrækt þar síðan þá. Frá 2007 hafa einnig verið leigð út garðlönd í mýrinni, nærri Aldingarðinum.

Göngustígar og búnaður

Stígagerð um trjásafnið hófst árið 2006 þegar lagður var um 700 m langur og 3 m breiður upplýstur göngu- og hjólreiðastígur gegnum svæðið endilangt og meðfram því. Hann tengir vel saman Fossvogsdal og Elliðaárdal en skammt austan Meltungu er á stígnum göngubrú yfir Reykjanesbrautina. Í framhaldinu var byrjað að gera 1,2-1,5 m breiða malar- og kurlstíga víðsvegar um safnið, bæði í holtinu og mýrinni, til að bæta aðgengi. Þessi stígagerð hefur að miklu leyti verið unnin af sumarstarfsfólki Kópavogsbæjar og er ekki lokið en malar- og kurlstígarnir eru nú orðnir um 2.500 m

að lengd. Í tengslum við stígagerðina var komið upp göngubrúm yfir framræsluskurði og votlendi.

Fleiri kílómetrar af ýmsum gerðum stíga liggja um trjásafnið. Ljósmyndir: Friðrik Baldursson.

Sumarið 2007 var gerður áningarstaður við aðalstíginn þar sem sett var upp fróðleiksskilti sem segir frá Meltungu, bæði nýbýlinu, grjótminjunum og trjásafninu og árið 2013 var gert átak í uppsetningu á bekkjum víðsvegar um safnið.

Til að trjásöfn þjóni tilgangi sínum verða merkingar að vera til staðar. Árið 2009 var byrjað að koma fyrir merkingum við plöntur í trjásafninu í samvinnu við Garðyrkjufélag Íslands. Skiltin sýna íslenskt og latneskt heiti trjá- og runnategunda, ásamt því hvaða ætt þær tilheyra. Í árslok 2013 var búið að merkja um 300 tegundir, stundum nokkur eintök af sömu tegund. Fyrirhugað er að á vordögum 2014 verði gert átak á vegum Kópavogsbæjar og Garðyrkjufélagsins í auknum merkingum.

Merkingarnar eru samstarfsverkefni Kópavogsbæjar og Garðyrkjufélags Íslands. Skiltin eru 95 x 95 mm að stærð. Ljósmynd: Friðrik Baldursson.

Lokaorð

Trjásafnið í Meltungu er merkilegur staður og fjölbreyttur og fjarri því að vera geymslustaður fyrir tré og runna, þó vissulega hafi það að geyma fjölbreytilegt erfðaefni trjágróðurs. Safnið er ákaflega fjölbreytt útivistarsvæði og nýtist hvort heldur sem er til fróðleiks, slökunar, uppörvunar, fuglaskoðunar, kennslu eða náttúruupplifunar svo fátt eitt sé nefnt.
Þangað er hægt að koma og fá hugmyndir um val á trjám og runnum í garða og sumarhúsalóðir. Einkar forvitnilegt er að sjá hvernig sömu tegundir og yrki haga sér við mismunandi ræktunarskilyrði, s.s. varðandi jarðveg og atlæti. Algengar tegundir geta t.d. í holtinu jafnvel verið allt öðruvísi útlítandi en í görðum þar sem er ofgnótt áburðar.

Haustlitir á nokkrum hinna fjölmörgu reynitegunda sem er að finna í Meltungu. Ljósmynd: Kristinn H. Þorsteinsson.

Trjásafnið í Meltungu er lifandi safn og síbreytilegt. Það er ekki grasagarður en heldur ekki svæði sem sér alveg um sig sjálft. Á hverju ári er þar veruleg vinna við grisjun og aðra "stýringu" gróðursins, ásamt almennri umhirðu svæðisins.

Pétur í Mörk hélt greinargóðar skráningar um þær ræktunartilraunir sem hann vann að, þannig að til eru upplýsingar um uppruna flestra þeirra plantna sem gróðursettar voru á upphafsárum trjásafnsins í Meltungu. Ennþá eru þó að finnast plöntur sem ekki var vitað af þar áður, ekki síst á síðasta ári þegar Hannes Þór Hafsteinsson garðyrkjufræðingur yfirfór safnið og vann að greiningum plantna. Greinarhöfundur hefur reynt að fylgja góðu fordæmi Péturs í að halda utan um upplýsingar um þær plöntur sem gróðursettar hafa verið á vegum Kópavogsbæjar, ásamt staðsetningu þeirra, og er ætlunin að síðar verði unnin ítarleg greinargerð um þetta ásamt uppdráttum.

Mikilvægur áfangi náðist nú nýlega þegar trjásafnið í Meltungu var sett undir hverfisvernd í aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 en það var samþykkt Skipulagsstofnun í janúar 2014. Þetta er þýðingarmikil viðurkenning á sérstöðu safnsins og festir það verulega í sessi. Vonandi verður síðan á næstu árum gert nýtt deiliskipulag af svæðinu þar sem hugað verður að frekari stækkunarmöguleikum.

Flestir sem koma í trjásafnið í Meltungu eru undrandi yfir að hafa ekki heyrt af þessum stað fyrr. Skýringarnar eru líklega þær að svæðið er nýkomið í alfaraleið gangandi vegfarenda og garðarnir eru aðeins örfárra ára gamlir. Margir halda eflaust að svæðið tilheyri Gróðrarstöðinni Mörk og kunna ekki við að fara þar um.

Árið 2006 fékk greinarhöfundur Guðrúnu Sigríði Vilhjálmsdóttur, nema á skrúðgarðyrkjubraut Garðyrkjuskólans, til að skrifa ritgerð um trjásafnið sem lokaverkefni við skólann. Ritgerðin var kynnt í Umhverfisráði Kópavogsbæjar og mæltist vel fyrir. Kynning á safninu hófst þó fyrst fyrir alvöru sumarið 2007 með garðagöngu GÍ, sem greinarhöfundur og Guðmundur Vernharðsson leiddu, og síðan hafa skoðunarferðir verið árlega. Á síðasta ári voru sjö skipulagðar skoðunarferðir um safnið, ýmist auglýstar fyrir almenning eða fyrir afmarkaða hópa. Greinarhöfundur hefur að auki notað hvert tækifæri, s.s. með fyrirlestrum, til að kynna safnið og er þessi grein m.a. skrifuð í þeim tilgangi.

Fyrsta fræðsluganga Garðyrkjufélagsins um trjásafnið sumarið 2007. Þátttakendur virða fyrir sér sumareik í mýrinni. Ljósmynd: Friðrik Baldursson.

Lesendur eru hvattir til að koma í trjásafnið í Meltungu, því sjón er sögu ríkari. Skipulagðar skoðunarferðir munu verða kynntar á heimasíðu Garðyrkjufélags Íslands.



Loftmynd af trjásafninu og nágrenni tekin sumarið 2012 .
A. Holtið. B. Mýrin. C. Gróðrarstöðin Mörk. 1.Yndisgarður. 2. Aldingarðurinn. 3. Sígræni garðurinn. 4. Garðlönd. 5. Verndaðar grjótminjar. 6. Hér stóð nýbýlið Meltunga.